

REGLUGERÐ

**um (30.) breytingu á reglugerð nr. 900/2018 um gildistöku
framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 um
að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast þrír töluliður, svohljóðandi:

151. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/682 frá 8. apríl 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á nýfæðinu repjufræsduft, fitusneytt að hluta til, úr Brassica rapa L. og Brassica napus L. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 233/2025 frá 24. október 2025. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 75 frá 27. nóvember 2025, bls. 308.
152. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/688 frá 9. apríl 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu olíu úr Schizochytrium sp. (FCC-3204). Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 233/2025 frá 24. október 2025. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 75 frá 27. nóvember 2025, bls. 312.
153. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/691 frá 9. apríl 2025 um leyfi til að setja á markað sveppaduft með D2-vítamíni sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 233/2025 frá 24. október 2025. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 75 frá 27. nóvember 2025, bls. 316.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga um matvæli, nr. 93/1995.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 27. nóvember 2025.

F. h. r.

Bryndís Hlökkversdóttir.

Katarina Tina Nikolic.